

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1910.

Auglýsing um hækkun á kirkjugjaldi í nokkrum sóknum, undirskrifuð af ráðherra 17. júní 1910 (A nr. 7, bls. 22—23).

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Frakklands, undirskrifuð af konungi 30. septbr. 1910 (A nr. 8, bls. 24—27).

Auglýsing um kirkjugjald í Rauðamelssókn í Snæfellsnessprófastsdæmi, undirskrifuð af ráðherra 7. októbr. 1910 (A nr. 9, bls. 28—29).

Opið bréf, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1911, undirskrifuð af konungi 28. oktbr. 1910 (A nr. 10, bls. 30—31).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 21. nóvbr. 1910 (A nr. 11, bls. 32—33).

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um flutning þingstaðar. 133 30. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 27. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Kirkjubæjarhreppi, veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Ytri-Dalbæ að Kleifum, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalda.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum prestsins að Stafholti. 134 5. des.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 24. ágúst þ. á., hefir stjórnarráðið fallist á, að síra Jóhann Þorsteinsson prófastur í Stafholti taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta, frá fardögum 1910 að telja.

Prestur þessi telst í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.